

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 473/1985
fyrir Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem borgarstjóra finnst tilefni til. Ekki má úthluta meiru en vaxtatekjum hans hverju sinni.

11. gr. orðist svo:

Þegar starfsemi sjóðsins hættir, skulu eignir hans, hafi þeim ekki verið ráðstafað, renna til mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. desember 2017,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.